



SKILMÁLAR

Forráðamaður ber ábyrgð á skráningu og greiðslu í gegnum skráningarkerfið Nora (afturelding.felog.is) eða (www.afturelding.is > Skráning iðkenda, dálkur efst til hægri).

Forráðamaður ber ábyrgð á að allar upplýsingar séu rétt skráðar, þ.m.t netföng, símanúmer og heimilisföng. Nauðsynlegt er að skrá gild netföng og símanúmer bæði hjá forráðamanni sem og iðkanda.

Ef forráðamaður vill nýta frístundaávisun Mosfellsbæjar/Reykjavíkurborg þarf að nota auðkennislykil og þannig hægt að ganga frá frístundastyrk samhliða skráningu á námskeið í Nora áður en gengið er frá greiðslu.

Veittur er 10% systkinaafsláttur eða 10% fjölgreinaafsláttur innan sama æfingatímabils. Afslættir reiknast sjálfvirkt frá og með skráningu númer tvö.

Greitt er með kreditkortu og eða greiðsluseðlum sem birtast eingöngu í netbönkum. Hægt er að dreifa greiðslum innan hvers tímabils bæði með kreditkortu eða greiðsluseðlum. Fyrir hvern útgefin greiðsluseðil innheimtist sérstakt seðilgjald kr. 390.

Miðað er við að æfingagjöld séu greidd í upphafi tímabils og eigi síðar en tveimur vikum eftir að iðkandi hefur æfingar. Sé það ekki gert er Knattspyrnudeild heimilt að skrá iðkanda og gefa út greiðsluseðil fyrir æfingagjöldum samkvæmt verðskrá án afslátta og frístundaávisunar.

Þegar nýr iðkandi hefur æfingar má hann, einu sinni á ári, stunda æfingar í allt að tvær vikur áður en æfingagjöld eru innheimt. Ef hann hættir innan þess tíma þarf ekki að greiða æfingagjöld. Ef iðkandi æfir lengur en í tvær vikur skal greiða fyrir allt það tímabil sem hann hóf æfingar á.

Ekki er veittur afsláttur frá gjöldum þó svo að iðkandi hefji æfingar innan tímabils.

Ef iðkandi hættir æfingum innan tímabils eru æfingagjöld ekki endurgreidd nema ef um alvarleg veikindi eða meiðsl er að ræða. Í slíkum tilfellum skal sækja um endurgreiðslu til Barna- og unglingaráðs eða á skrifstofu félagsins. Sá hluti sem greiddur er með frístundaávisun fæst ekki endurgreiddur.

Greiðsla æfingagjalds er forsenda fyrir þátttöku á æfingum og keppni. Mikilvægt að hafa samband við skrifstofu Aftureldingar ef um fjárhagserfiðleika er að ræða og finna úrlausn sem leiðir til áframhaldandi þátttöku iðkandans.

Séu eldri æfingagjöld ógreidd er óheimilt að skrá iðkanda á nýtt tímabil nema vanskil séu uppgerð. Heimilt er útiloka iðkanda frá æfingum og keppni séu eldri æfingagjöld í vanskilum.

Hafi ekki verið gengið frá greiðslu æfingagjalda 15 dögum eftir að tímabil hefst eða ekki staðið við greiðslur samkvæmt skráningu má forráðamaður búast við gjaldið verði innheimt með tilheyrandi kostnaði, sbr. innheimtulög nr. 95/2008 og reglugerð nr. 37/2009. Tíu dögum eftir útsendingu innheimtuviðvörðunar er krafan flutt til Motus til milliinnheimtu. Beri milliinnheimtu ekki árangur má búast við að gjöldin verði send í löginnheimtu. Samhliða innheimtuaðgerðum er heimilt að útiloka iðkanda frá frekari æfingum og keppni.